

## Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags og samgönguráði - óskað er eftir því að umferðakoddar verði fjarlægðir af Strandvegi og settar verði upp gangbrautir líkt og skýrsla er unnin var af umferðaröryggishóp hverfisráðs Grafarvogs leggur til.

[https://issuu.com/helgiborgudmundsson/docs/umfer\\_\\_ar\\_\\_ryggi-grafarvogur\\_sk\\_\\_rs](https://issuu.com/helgiborgudmundsson/docs/umfer__ar__ryggi-grafarvogur_sk__rs)

### Greinargerð

Notkun hraðahindrana í Reykjavík er mun meiri en gengur og gerist í nágrennasveitafélögnum og í þeim Evrópulöndum sem við berum okkur saman við.

Betra sé að notast við aðrar aðferðir á Strandvegi, svo sem radarskilti, þrengingar, viðvörunarskilti og yfirborðsmerkingar.

Í Grafarvogi má finna fleiri en eitt dæmi um að umferð hafi færst af stofnbrautum inn í íbúðahverfi vegna fjölda hraðahindrana á stofnbrautunum. Til dæmis forðast fjölmargir að aka Strandveginn og fara frekar um Borgarveg. Hraðahindranir valda óþarfa orkusóun, aukinni mengun, sliti á ökutækjum og óæskilegum akstursleiðum.

Mynd 18 í skýrslu birtir töflu sem lýsir þeim aðferðum sem notaðar eru í Evrópu til að stýra umferðarhraða og koma gangandi fólki yfir akvegi. Þar kemur fram að á stofnbrautum eru hraðahindranir aldrei notaðar. Umferðarhópur hverfisráðs Grafarvogs hvetur til þess að hraðahindranir verði fjarlægðar af Strandvegi og í stað þeirra verið settar upp rétt útfærðar gangbrautir með yfirborðsmerkingum og umferðarskiltum eins og sjá má á MYND 19 í skýrslu.

Hópurinn mælist til þess að þar sem hraðahindranir eru réttlætanlegar verði notast við viðurkenndan búnað eins og sýndur er á MYND 20 í skýrslu.



## Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 06.nóv.2018

Varðar tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fjarlægja umferðarkodda (hraðahindranir) af Strandvegi og í þeirra stað verði settar gangbrautir.

Umræddar hraðahindrandir eru á þremur stöðum þar sem gengið er yfir Strandveg. Samþykkt var að setja þær árið 2010 í tengslum umferðaröryggisaðgerðir það ár. Áður, þ.e. árið 2006, var sett venjuleg hraðahindrun á gönguleið á kaflanum á milli Víkur og Korpúlfsstaðavegar en á þeim tíma voru þar skólagarðar. Ástæða framangreindra aðgerða var kvartanir íbúa vegna hraðaakstur á Strandvegi og áhyggjur af öryggi gangandi sem leið eiga yfir Strandveg.

Nýverið var gerð mæling á hraða bíla á milli Melavegar og Vættaborga sem staðfestir að enn er ekið hratt um Strandveg, 85% hraðinn er 66 km/klst. og hraðast var ekið á 74 km hraða. Til eru samfeldar mælingar lögreglu frá árinu 2009 til 2016. Brotahlutfall var í upphafi um 50% en hefur lækkað í tæp 40% sem bendir til þess að hraðahindrandi aðgerðir hafi skilað nokkrum árangri.

Umferð á vesturhluta Strandvegar er um 3000 bílar á sólarhring. Ef fjöldi bíla er undir 2000 á sólarhring og fjöldi gangandi er meiri en 20 þá er réttlætanlegt að setja gangbraut en tryggja verður að raunhraði sé lægri 45 km/klst. Það er samkvæmt leiðbeiningum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um gangbrautir, dags. í desember 2014. Ef umferð bíla er meiri kemur til greina að setja gangbrautarljós. Gera má ráð fyrir að fjöldi gangandi sé talsvert minni en 20 á klst. á umræddum stöðum við Strandveg. Þannig að gangbrautarljós eru ekki inni í myndinni.

Af framsögðu verða hraðahindranir að vera til staðar sem tryggja lágan raunhraða ef til álita á að koma að setja gangbraut við aðstæður sem eru Strandveg. Mælt er með að ekki verði orðið við tillögunni.

---

Stefán Agnar Finnsson,  
yfirverkfræðingur